



FÉLAG ELDRI BORGARA
Á AKUREYRI

Akureyri, 21. október 2020.

Frístundaráð Akureyrarbæjar,
Geislagötu 9,
600 Akureyri.

EFNI: Samningur Akureyrarbæjar og Félags eldri borgara á Akureyri.

Það stýttist í að endurnýja þurfi umræddan samning, sem undirritaður var 21. desember 2017 og fellur úr gildi 31. desember 2020.

Í honum er ákvæði um að Félag eldri borgara annist starfsmannahald í Bugðusíðu 1. Félagið segir sig hér með frá þeim hluta samningsins. Stjórnin leggur áherslu á að sinna markmiðum félagsins og þar með 1. og 3. greinum samningsins, en starfsmannamálin taka of mikinn tíma.

Í dag starfa tvær starfsstúlkur í 37,5% og 50% starfshlutfalli og hafa þær sagt upp störfum, einkum vegna álags. Hætta þær báðar störfum um næstu áramót og þarf því að gera ráðstafanir til að starfsemin haldist óskert á nýju ári.

Sjálfbodaliðar hafa hlaupið í skarðið í veikindum, fríum og oftar þegar á þarf að halda, en ekki má treysta alfarið á þann vinnukraft. Fjöldi þátttakenda í miðstöðinni hefur aukist mikið á allra síðustu árum, samhliða fjölgun félaga og annarra eldri bæjarbúa.

Útvistunin skapar ákveðið misræmi og hindrar hagræðingu á milli félagsmiðstöðvanna. Félagið vill auka samstarfið á milli stöðvanna og leita leiða til að bæta samgöngur á milli þeirra.

Til að geta veitt nauðsynlega þjónustu er áætlað að þurfi 1,5 stöðugildi. Starfsfólkið hafi umsjón með félagsmiðstöðinni, annist þjónustu við notendur og skipulag á nýtingu húsnæðisins í samráði við EBAK. Annist einnig útleigu á húsnæðinu og vinni ýmis sérverkefni fyrir félagið eins og aðstæður leyfa og verkefnalisti segir til um.

EBAK óskar eftir að önnur ákvæði í samningnum gildi áfram, þ.á.m. að félagið fái áfram tekjur af útleigu húsnæðisins þótt starfsmenn bæjarins í Bugðusíðu annist hana. Leigutekjur ársins 2019 námu kr. 285.322. Félagið telur sig ekki þurfa bein fjárframlög frá bænum, tengd samningnum.

F.h. Félags eldri borgara á Akureyri.

Hallgrímur Gíslason,
formaður.